

Sp. 366. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]
um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningsi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur haft til meðferðar þingsályktunartillögu um náttúruvernd, þskj. 6, og þingsályktunartillögu um endurskoðun laga um friðun Þingvalla, þskj. 26, og sent þær til umsagnar náttúruverndarráði, Þingvallanefnd, Ferðafélagi Íslands og Hinu ísl. náttúrufræðifélagi. Af svörum, er nefndinni bærast, kom fram, að svarendur töldu tímabært að endurskoða og umbæta lagasetningu um náttúruvernd og friðun Þingvalla og tjáðu sig fúsa til að eiga aðild að slíkri endurskoðun. Nefndin leit svo á, að fyrrgreindar þingsályktunartillögur fjölluðu um svo tengd efni, að æskilegt væri, að endurskoðun á þeim lögum, er þau snerti, færi fram í einu, svo að sem bezt samræming fengist, en þar sem ákveðnir aðilar höfðu óskað að eiga aðild að endurskoðuninni, mundi sú aðild vísast auðveldust á þann veg, að ríkisstjórnin léti umrædda endurskoðun og frumvarpsgerð fara fram, en hefði nefnda aðila með í ráðum, sem og jafnvel fleiri sérfróða menn og áhugasama um þessi málefni. Ríkjandi skoðun var í nefndinni, að æskilegt væri, að ekki yrðu leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu, meðan endurskoðun laga um friðun Þingvalla færi fram.

Samkomulag varð um það í allsherjarnefnd að flytja framangreinda þingsályktunartillögu sem afgreiðslu á báðum þeim þingsályktunartillögum, sem greindar eru hér í upphafi greinargerðar.